



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsdalur – útivistarsvæði Nýr æfingavöllur með lýsingu, vestan Fífu Breytt deiliskipulag

Umsögn

Forsendur
Ferill málsins
Athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða

26. júní 2024
One: 2402169

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

1) Forsendur

Í gildi er Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, samþ. 30.12.2021. Landnotkun er Íþróttasvæði ÍP-4.

Úr Aðalskipulagi Kópavogs. Tafla 6-1 Yfirlit yfir Íþróttasvæði – ÍP-4 – Kópavogsdalur, bls 136.

Kópavogsvöllur er í Kópavogsdal ásamt Íþróttasvæði Breiðabliks. Þar eru Íþróttahúsið Smárinn, fjórir æfingavellir fyrir knattspyrnu og kastvellir. Í dalnum er einnig fjölnotahúsið Fífan, tennishöll og tennisvellir, ásamt Smárahvammsvelli.

Afmörkun svæðis breytist austast, norðan við Dalsmára, svæðið er stækkað um rúman ha til norðurs (austan við Dalsmára 9-13 / Tennishöll. Á móti kemur að svæðið er minnkað lítillega við Dalsmára vegna þess að svæði fyrir samfélagsþjónustu er stækkað (lítillega) til vesturs (inn á Íþróttasvæðið).

Breiðablik er stærsta Íþróttafélag á landinu með yfir 2.000 iðkendur í 11 deildum. Félagið var stofnað 12. febrúar 1950. Vöxtur félagsins hefur verið mikill sérstaklega á liðnum áratug en iðkendafjöldi hefur nær fjórfaldast frá 2010. Allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram. Þar er tvennt sem vegur þungt, aukin Íþróttaiðkun þá bæði ungra iðkenda en ekki síður eldri iðkenda sem og fjölgun íbúa á áhrifasvæði félagsins.

Hjarta Breiðabliks og meginstarfsemi er í Smáranum og þrátt fyrir stefnu félagsins að sinna vel íbúum alls bæjarfélagsins, þá er nauðsynlegt að félagið hafi svigrúm til að vaxa til framtíðar í Kópavogsdal og nágrenni.

Fleiri iðkendur kalla á stærra og endurskoðað athafnasvæði. Aðalstjórn Breiðabliks telur mikilvægt að félagið geti áfram vaxið og dafnað. Breiðablik hefur gert þarfagreiningar innan deilda félagsins um þróun starfs og áætlanir til næstu framtíðar. Það er ljóst að þörf verður á að víkka út starfsemi félagsins bæði hvað varðar mannvirki og aðstöðu til Íþróttaiðkunar og tengdrar starfsemi. Mikilvægt er að gera ráð fyrir svigrúmi félagsins til stækkunar. Gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag af svæðinu, ÍP-4, á grundvelli þarfagreiningar félagsins þegar hún liggur fyrir.

Einnig eru uppi hugmyndir um Íþrótt- og lýðheilsugarð á opna svæðinu, OP-2.21, í Kópavogsdal. Sú starfsemi gæti hugsanlega tengst Íþróttastarfi og menningarstarfsemi bæjarins. Skilgreina þarf umrædda starfsemi í deiliskipulagi. Sjá einnig umfjöllun um OP-2.21 í kafla 4.1.5 Opin svæði.

Stærð: Um 17 ha.

Í gildi er deiliskipulag Kópavogsdals, útivistarsvæði samþykkt í bæjarstjórn 18. júlí 1989 með seinni breytingum samþykktum í bæjarstjórn 12. maí 1992 og 21. febrúar 2001.

Í þarfagreiningu/framtíðarsýn fyrir Kópavogsdal (sjá fylgiskjal 7) fyrir mannvirki og innviði er „Þörf fyrir fleiri heilsársvelli fyrir knattspyrnudeild, t.d. að breyta sumarvöllum í heilsársvelli á svæðinu.

Með því að útbúa nýjan gervigrasvöll á þessu svæði sem er tyrftur völlur í dag, mun það verða til þess að létta töluvert á æfingaálagi í Fífunni, hvað knattspyrnuna varðar, og er þá hægt að taka meira tillit til aðstöðu annarra deilda Breiðabliks.

2) Ferill máls

Í breytingunni felst að leggja gervigrasvöll á tyrftan grasvöll sem er upphitaður, vestan knatthúss, uppsetning fjögurra ljósamastra, girðing umhverfis völlinn ásamt því að heimilt byggingarmagn Fífunnar eykst úr 10.000 m² í 10.200 m² m.a. vegna nýrrar boltageymslu í norðvesturhorni knatthússins með aðgengi utanfrá. Þá er gerð breyting á legu bílaplans, kvöð sett um gróður í mön og umhverfis völlinn ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreiti fyrir tæknirými að hámarki 45 m² við völlinn.

Á fundi skipulagsráðs nr. 160 þann 4. mars 2024 var samþykkt með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu umhverfissviðs 26. febrúar 2024 að breytingu á deiliskipulaginu, Kópavogsdalur - útivistarsvæði, samþykkt í bæjarstjórn í maí 1990 með síðari breytingum. Afmörkun deiliskipulagsbreytingar er um 3 ha að stærð og snýr að nýjum æfingavelli vestan Fífunnar, að breyttu deiliskipulagi fyrir Dalsmára 5. Afgreiðsla skipulagsráðs var staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 12. mars 2024.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:3000 og 1:2000 dags. 29. febrúar 2024.

Kynningartími var frá 11. apríl til 24. maí 2024. Athugasemdir bárust.

3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. **Bergrún Arna Óladóttir.** Fylgiskjal 3.
2. **Vegagerðin** Fylgiskjal 4.
3. **Skipulagsnefnd Garðabæjar.** Fylgiskjal 5.

1. Bergrún Arna Óladóttir

-

1.1

Undirrituð hefur haft til skoðunar fyrirbyggjandi tillögu og telur rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í upphafi þykir rétt að víkja að því sem fram kemur í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 („aðalskipulag“) um aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu, þ.m.t. uppbyggingu íþróttaaðstöðu á reitnum ÍP-4.

Í kafla 6.2 í aðalskipulaginu er það tilgreint sem eitt af þremur höfuðmarkmiðum skipulagsins að börnum og unglingum verði gert kleift að stunda íþróttir við sitt hæfi. Þá kemur fram að þetta skuli gert m.a. með því að bjóða upp á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.

Í umfjöllun aðalskipulagsins um reitinn ÍP-4, sem fyrirbyggjandi deiliskipulagstillaga tekur til, er sérstaklega tekið fram að ljóst sé að þörf verði á að víkka út starfsemi Breiðabliks á svæðinu, bæði hvað varðar mannvirki og aðstöðu til íþróttaiðkunar og tengdrar starfsemi. Gert sé ráð fyrir að unnið verði að deiliskipulagi af svæðinu, ÍP-4, á grundvelli þarfagreiningar félagsins þegar hún liggur fyrir. Hvað varðar aðstöðu til iðkunar á frjálsum íþróttum er skemmst frá því að segja að lítið hefur gerst í þeim málum frá því að íþróttaaðstaðan í Smáranum var byggð og hefur aðstaðan í raun versnað nokkuð frá þeim tíma. Sem dæmi mætti nefna að Kópavogsvöllur er ekki lengur löglegur keppnisvöllur í frjálsum íþróttum eftir að gervigras var lagt á knattspyrnuvöllinn auk þess sem tartan á hlaupabraut vallarins er svo illa farið að það er ekki keppnishæft.

Eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir hefur aðalstjórn Breiðabliks að undanfögnu unnið að þarfagreiningu innan deilda Breiðabliks um þróun á aðstöðu fyrir félagið í heild sinni, þar sem m.a. koma fram tillögur um uppbyggingu á íþróttaaðstöðu fyrir frjálssar íþróttir. Þann 19.júní 2023 óskaði aðalstjórn eftir að fá að hefja formlegt samtal við Kópavogsbæ til að ljúka þeirri vinnu. Bærinn hefur enn ekki svarað þeirri beiðni og hefur félagið því beðið í nær heilt ár eftir að geta hafið það samtal og lokið vinnunni í samstarfi við bæinn. Því er ljóst að fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu á reitnum ÍP-4 er ekki í samræmi við þá þarfagreiningu eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

Það er því beinlínis rangt sem kemur fram í fyrirbyggjandi uppdrætti að breytingartillögunni, dags. 29. febrúar 2024, að breytingartillagan sé í samræmi við gildandi aðalskipulag, enda gerir aðalskipulagið ráð fyrir því að breytingar á deiliskipulagi svæðisins grundvallist á fyrrgreindri þarfagreiningu, sem ekki liggur fyrir.

Þar að auki er það mat undirritaðrar að sú tillaga sem fyrir liggur sé ekki einungis í ósamræmi við gildandi aðalskipulag heldur í beinni andstöðu við þá þarfagreiningu sem unnið hefur verið að af hálfu aðalstjórnar félagsins. Miðað við þá vinnu sem unnin hefur verið mætti telja það líklegt að það svæði sem fyrirhugað er að nýta undir hinn nýja æfingavöll myndi henta betur undir önnur mannvirki, í fjölgreina íþróttafélagi, en æfingavöll fyrir knattspyrnu.

Loks er það mat undirritaðrar að ef fyrirbyggjandi tillaga næði fram að ganga gæti það haft verulega hamlandi áhrif á aðra nauðsynlega uppbyggingu íþróttaaðstöðu á svæðinu. Telur undirrituð það nauðsynlega forsendu fyrir deiliskipulagsbreytingum á svæðinu að lokið sé við þarfagreiningu í samstarfi við Kópavogsbæ og að deiliskipulagsbreyting á svæðinu taki mið að heildstæðri þörf félagsins.

Með hliðsjón af framangreindu gerir undirrituð verulegar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu og krefst þess að henni verði synjað.

Umsögn 1.1

Með tilvísun í Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 og umfjöllun í kafla 6 um samfélag er tekið undir þau sjónarmið að styðja megi við að efla fjölbreytni í aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Í þarfagreiningu/framtíðarsýn fyrir Kópavogsdal (sjá fylgiskjal 7 – mannvirki og innviðir) er meðal annars talið að þörf sé fyrir fleiri heilsársvelli fyrir knattspyrnudeild, t.d. að breyta sumarvöllum í heilsársvelli á svæðinu og þessi tillaga því gerð til að bæta aðstöðu.



Rauð svæði eru möguleg svæði fyrir vöxt félagsins. (sjá fylgiskjal 7 – Vaxtamöguleikar)

Með því að útbúa nýjan upphitaðan gervigrasvöll með lýsingu á þessu tyrfta svæði sem er í dag nýttur sem knattspyrnuvöllur, mun það hafa í för með sér að léttu töluvert á æfingaálagi í Fífunni, hvað knattspyrnuna varðar, og er þá hægt að taka meira tillit til aðstöðu annarra deilda innan Breiðabliks. Sú framkvæmd að leggja gervigras á völlum sem er nú þegar tyrfður, mun ekki hamla mögulegri uppbyggingu síðar.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær leigt tíma fyrir iðkendur frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika í þeim tilgangi að styðja við fullnægjandi æfingasvæði afreksíþróttafólks deildarinnar og ákveðið hefur verið að gera það áfram.

Á árunum 2019-2020 var fjárfest í kastæfingasvæði og nýju æfingasvæði vestan við Fífuna og var þessi framkvæmd ákveðin í samráði við frjálsíþróttadeild Breiðabliks og unnin í samræmi við hugmyndir deildarinnar í kjölfar þess að ákveðið var að skipta um gras á Kópavogsvelli. Samkvæmt upplýsingum íþróttadeildar hefur almenn ánægja verið með þá aðstöðu sem nýtist vel fyrir æfingar kastgreina og barna- og unglingastarf frjálsíþróttadeildar, auk sumarnámskeiða. (úr svari mennta- og umhverfissviðs við erindi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í bæjarráði dags. 8. apríl 2024, sjá fylgiskjal 6).

2. Vegagerðin

-

2.1

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill benda á eftirfarandi.

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Á skipulagsuppdrættinum er staðsetning auglýsingaskiltis sýnd og vekur Vegagerðin athygli á 90 gr. umferðarlaga, Auglýsingaskilti við veg, varðandi það. Í lagagreininni kemur fram að heimild þurfi frá veghaldara fyrir auglýsingaskiltum sem er beint að vegi veghaldara.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Umsögn 2.1

Ábendingum frá Vegagerðinni hefur verið komið áfram til hönnuðar og framkvæmdardeildar Kópavogsbæjar. Uppdráttur dags. 27.06.2024 hefur verið uppfærður til að sýna veghelgunarsvæði stofnvegjar sem er 30 metrar frá miðlínu vegar í þéttbýli. Sjá fylgiskjal 4.

3. Skipulagsdeild Garðabæjar


Heimilisfang

3.1 Skipulagsdeild Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna. Fylgiskjal 5.

4) Niðurstaða umsagnar

Það er mat skipulagsdeildar að tillaga að breytingu deiliskipulags Dalsmára 5 samræmist Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og að breytingin hafi óveruleg áhrif á aðliggjandi lóðir og nærumhverfi.

5



24. maí 2024

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kópavogsdals – útivistarsvæði. Nýr æfingavöllur með lýsingu

Vísað er til tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina að Dalsmára 5, Kópavogsdalur – útivistarsvæði (reitur ÍP-4), sem auglýst hefur verið í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. samþykki bæjarstjórnar Kópavogs þann 12. mars 2024.

Undirrituð hefur haft til skoðunar fyrirliggjandi tillögu og telur rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í upphafi þykir rétt að víkja að því sem fram kemur í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 („aðalskipulag“) um aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu, þ.m.t. uppbyggingu íþróttaaðstöðu á reitnum ÍP-4.

Í kafla 6.2 í aðalskipulaginu er það tilgreint sem eitt af þremur höfuðmarkmiðum skipulagsins að börnum og unglingum verði gert kleift að stunda íþróttir við sitt hæfi. Þá kemur fram að þetta skuli gert m.a. með því að bjóða upp á fjölbreytta aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu.

Í umfjöllun aðalskipulagsins um reitinn ÍP-4, sem fyrirliggjandi deiliskipulagstillaga tekur til, er sérstaklega tekið fram að ljóst sé að þörf verði á að víkka út starfsemi Breiðabliks á svæðinu, bæði hvað varðar mannvirki og aðstöðu til íþróttaiðkunar og tengdrar starfsemi. Gert sé ráð fyrir að unnið verði að deiliskipulagi af svæðinu, ÍP-4, á grundvelli þarfagreiningar félagsins þegar hún liggur fyrir.

Hvað varðar aðstöðu til iðkunar á frjálsum íþróttum er skemmst frá því að segja að lítið hefur gerst í þeim málum frá því að íþróttaaðstaðan í Smáranum var byggð og hefur aðstaðan í raun versnað nokkuð frá þeim tíma. Sem dæmi mætti nefna að Kópavogsvöllur er ekki lengur löglegur keppnisvöllur í frjálsum íþróttum eftir að gervigras var lagt á knattspyrnuvöllinn auk þess sem tartan á hlaupabraut vallarins er svo illa farið að það er ekki keppnishæft.

Eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir hefur aðalstjórn Breiðabliks að undanförunni unnið að þarfagreiningu innan deilda Breiðabliks um þróun á aðstöðu fyrir félagið í heild sinni, þar sem m.a. koma fram tillögur um uppbyggingu á íþróttaaðstöðu fyrir frjálssar íþróttir. Þann 19.júní 2023 óskaði aðalstjórn eftir að fá að hefja formlegt samtal við Kópavogsbæ til að ljúka þeirri vinnu. Bærinn hefur enn ekki svarað þeirri beiðni og hefur félagið því beðið í nær heilt ár eftir að geta hafið það samtal og

lokið vinnunni í samstarfi við bæinn. Því er ljóst að fyrirliggjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu á reitnum ÍP-4 er ekki í samræmi við þá þarfagreiningu eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

Það er því beinlínis rangt sem kemur fram í fyrirliggjandi uppdrætti að breytingartillögunni, dags. 29. febrúar 2024, að breytingartillagan sé í samræmi við gildandi aðalskipulag, enda gerir aðalskipulagið ráð fyrir því að breytingar á deiliskipulagi svæðisins grundvallist á fyrrgreindri þarfagreiningu, sem ekki liggur fyrir.

Þar að auki er það mat undirritaðrar að sú tillaga sem fyrir liggur sé ekki einungis í ósamræmi við gildandi aðalskipulag heldur í beinni andstöðu við þá þarfagreiningu sem unnið hefur verið að af hálfu aðalstjórnar félagsins. Miðað við þá vinnu sem unnin hefur verið mætti telja það líklegt að það svæði sem fyrirhugað er að nýta undir hinn nýja æfingavöll myndi henta betur undir önnur mannvirki, í fjölgreina íþróttafélagi, en æfingavöll fyrir knattspyrnu.

Loks er það mat undirritaðrar að ef fyrirliggjandi tillaga næði fram að ganga gæti það haft verulega hamlandi áhrif á aðra nauðsynlega uppbyggingu íþróttaaðstöðu á svæðinu. Telur undirrituð það nauðsynlega forsendu fyrir deiliskipulagsbreytingum á svæðinu að lokið sé við þarfagreiningu í samstarfi við Kópavogsbæ og að deiliskipulagsbreyting á svæðinu taki mið að heildstæðri þörf félagsins.

Með hliðsjón af framangreindu gerir undirrituð verulegar athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu og krefst þess að henni verði synjað.

Bergún Arna Óladóttir

Bergún Arna Óladóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Mál nr. 386/2024
Breyting á deiliskipulagi
Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ

**Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Kópavogsdal, Kópavogsbæ**

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi, sem unnin er af VSÓ Ráðgjöf dags. 29.02.2024.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill benda á eftirfarandi.

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum.

Á skipulagsuppdraettinum er staðsetning auglýsingaskiltis sýnd og vekur Vegagerðin athygli á 90 gr. umferðarlaga, Auglýsingaskilti við veg, varðandi það. Í lagagreininni kemur fram að heimild þurfi frá veghaldara fyrir auglýsingaskiltum sem er beint að vegi veghaldara.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband Íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.¹

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Slóða 1/1

Vegagerðin
Cecíla Þórðardóttir

¹ http://www.vegagerdin.is/media/upplýsingar-og-utgafa/13259_sk140615_Leidbeiningar.pdf



Kópavogsbær
Digraanesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 12. apríl 2024
Mál nr. 2404083

Efni: Kópavogsdalur - útvistarsvæði Dalsmári 5 - nýr æfingavöllur með lýsingu

Á fundi skipulagsnefndar þann 11. apríl sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.“

Virðingarfyllst,


Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri



Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 8. apríl 2024

2312266/204.01 ABS

Svar við erindi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Erindi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks varðandi aðstöðumál deildarinnar, var vísað til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs og menntasviðs á fundi Bæjarráðs 7. desember sl. Aðstöðumál frjálsíþróttadeildar Breiðabliks hafa verið til skoðunar á menntasviði og umhverfissviði í samræmi við óskir deildarinnar.

Fífan / inni aðstaða

Árið 2014 var skipt um gervigras í Fífunni og á sama tíma var 100 m hlaupabrautin færð frá austur hluta hússins yfir í vesturhluta og nýtt tartan lagt á brautina. Tartanið á frjálsíþróttaaðstöðunni í suðurhluta hússins er frá 2002 og ljóst að skoða þarf endurnýjun á tartani á því svæði.

Nú er unnið að undirbúningi framkvæmda við nýjan gervigrasvöll vestan við Fífunu og er stefnt að því að framkvæmdum við þann völl ljúki í nóvember 2024. Völlurinn ætti því að vera kominn í fulla notkun í byrjun árs 2025 ef áætlanir ganga eftir. Með nýjum gervigrasvelli ætti að léttu töluvert á æfingaálagi í Fífunni, hvað knattspyrnuna varðar, og þá hægt að taka meira tillit til aðstöðu frjálsíþróttadeildar.

Í erindi frjálsíþróttadeildar kemur fram að hitastig í Fífunni sé oft mjög lágt sem m.a. geti aukið hættu á meiðslum. Hitastigið í Fífunni á að öllu jöfnu að vera um 14°C. Í framhaldi af þessu erindi verður skoðað, í samstarfi við Breiðablik, að setja upp hitamæla til að kanna hitastig við frjálsíþróttaaðstöðu.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær leigt tíma fyrir iðkendur frjálsíþróttadeildar Breiðabliks í frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika í þeim tilgangi að styðja við fullnægjandi æfingasvæði afreksíþróttafólks deildarinnar og ákveðið hefur verið að gera það áfram. Í dag er leigan sem Kópavogsbær greiðir um 1,6 mkr. á ári.

Í erindinu kemur einnig fram að skemmdir á búnaði frjálsíþróttadeildar séu algengar. Unnið er að því að setja upp myndavélar í Fífunni sem eiga að auðvelda starfsfólki Smárans/Fífunnar að fylgjast betur með búnaði og bregðast við þegar óviðkomandi eru að leika í búnaðinum. Kópavogsbær hefur séð um viðhald og endurnýjun þessa búnaðar.



Kópavogsvöllur / úti aðstaða

Á árunum 2019-2020 var fjárfest í kastæfingasvæði og nýju æfingasvæði vestan við Fífuna fyrir um 50 m.kr. Þessi framkvæmd var ákveðin í samráði við frjálsíþróttadeild Breiðabliks og unnin í samræmi við hugmyndir deildarinnar í kjölfar þess að ákveðið var að skipta um gras á Kópavogsvelli. Samkvæmt upplýsingum íþróttadeildar hefur hefur almenn ánægja verið með þá aðstöðu sem nýtist vel fyrir æfingar kastgreina og barna- og unglingastarf frjálsíþróttadeildar, auk sumarnámskeiða.

Frjálsíþróttahöll

Eins og staðan er í dag er ekki gert ráð fyrir byggingu frjálsíþróttahallar í áætlunum sveitarfélagsins. Kópavogsbær mun áfram leigja aðstöðu fyrir deildina í Kaplakrika til að koma til móts við þarfir afrekshópa.

Eins og fram kemur hér að ofan eru bæjaryfirvöld tilbúin til að bæta aðstöðu deildarinnar eins og kostur er. Jafnframt er vilji til þess að ræða aðstöðumál deildarinnar til framtíðarinnar og skoða ýmsar leiðir til þess. Boðað verður til fundar með frjálsíþróttadeild í þeim tilgangi.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri Umhverfissviðs



SAMANTEKT

ÞARFAGREINING FYRIR BREIÐABLIK

- Breiðablik hefur sett sér það markmið að vera í fararbroddi á öllum sviðum íþróttapjálfunar á Íslandi.
- Þessu markmiði ætla Breiðablik að ná með því að hjálpa iðkendum félagsins að hámarka íþróttalega færni sína og með því að hjálpa þeim að verða sterkari líkamlega, andlega og félagslega.
- Allt þetta gerir Breiðablik til að stuðla að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu íbúa í Kópavogi.
- Heildræn uppbygging íþróttasvæðis Breiðabliks tekur mið af gildum og markmiðum félagsins.
- Breiðablik eflist og þróist áfram sem ein stærsta þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar sem þjónustar fjölbreyttan hóp Kópavogsbúa, iðkendur, foreldra og félagsmenn, en um 1 milljón manns koma í Fífuna/Smáránn á hverju ári hvort sem það er til æfinga, keppni, afþreyingar eða sem áhorfendur.
- Íþróttastaða Breiðabliks skal vera öruggt umhverfi þar sem innviðir endurspeglar hágæða íþróttumhverfi sem leggur grundvöll að góðum árangri innanlands sem og í keppni í alþjóðlegum viðburðum.

KYNDILINN

Breiðablik er uppeldis- og afreksíþróttafélag sem sinnir fjölbættu uppbyggingar-, forvarnar- og keppnishlutverki. Félagið heldur úti öflugum og metnaðarfullu starfi í 12 deildum auk hlaupahópa, íþróttaskóli barna 2-5 ára og leikfimi eldri borgara þannig að á ári hverju taka mörg þúsund manns þátt í starfi Breiðabliks með einum eða öðrum hætti.

Gildi Breiðabliks eru:

Fagmennska - allir sem koma að starfi félagsins eiga að temja sér og sýna fagleg vinnubrögð og taka faglegar ákvarðanir á öllum sviðum starfsins

Framsækni - félagið leitar allra leiða til að tileinka sér bestu mögulegu þekkingu hverju sinni og vera í fararbroddi íslenskra íþróttafélaga á öllum sviðum starfsemi félagsins

Jafnrétti - að iðkendum og öðrum félagsmönnum sé ekki mismunað eftir kyni, kyngerði, aldri, uppruna, efnahagsstöðu eða öðrum félagslegum forsendum

Samvinna - allir sem koma að starfi félagsins vinna saman að verkefnum og markmiðum þess með hagsmuni félagsins að leiðarljósi



VAXTAMÖGULEIKAR

- Breiðablik nýtir og þarf áfram það landsvæði sem er í boði í dag.
- Skoða og greina þurfti alla möguleika á stækkun svæðisins til að geta boðið upp á fjölbreytt íþróttastarf í samræmi við árlega fjölgun iðkenda og fyrirhugaða fólksfjölgun á svæðinu m.t.t. uppbyggingu nýrra íbúða.
- Mögulega eru helstu vaxtarmöguleikar félagsins í Kópavogsdalnum eru eftirfarandi svæði:
- Landsvæði í kringum Kópavogsvöll
- Smárahvammsvöllur og svæðið austan tennishallarinnar
- Umhverfi og landsvæði sunnan við Fífuna.



FÉLAGS-, FUNDAR-, SKRIFSTOFU- OG STARFMANNAÆÐSTAÐA

- Vöntun er á fjölnota fundarsölum sem geta nýst fyrir starf deilda.
- Skortur er á fjölnota herbergjum fyrir íþróttafélagið í heild sinni.
- Vinnuumhverfi mannauðs félagsins þarf að bæta verulega miðað viðmið um viðeigandi starfsstöðvar.
- Bæta þarf verulega við rými skrifstofuaðstöðu félagsins sem í dag rúmar ekki starfsemi félagsins og endurhanna núverandi rými.
- Gera má ráð fyrir að þörf sé fyrir um 4.000 m² í félags-, fundar-, skrifstofu og starfsmannaæðstöðu

STARFSFÓLK BREIÐABLIKS

Starfsfólk á skrifstofu:

15 stöðugildi (mismunandi starfshlutföll) sem mæta á starfsstöð í Smáranum/Kópavogsvelli –

Aðalstjórn/knattspyrna/karfa

Starfsfólk í afgreiðslu/þjónustu í mannvirkjum:

10,28 stöðugildi í Smáranum og Kópavogsvelli (mismunandi starfshlutföll)

Annað starfsfólk

Aðrir launþegar/verktakar félagsins telja vel á þriðja hundrað (þjálfarar, aðstoðarþjálfarar o.s.frv)



MANNVIRKI OG INNVIÐIR

- Þörf er á bættri aðstöðu fyrir frjálssar íþróttir sem og lýðheilsu verkefni félagsins og Kópavogsbæjar þ.m.t. Virkni og vellíðan, eldri borgarar, sumarnámskeið og íþróttaskóli barnanna.
- Þörf er fyrir löglegan keppnisvöll fyrir frjálssar íþróttir.
- Tryggja bestu mögulegu æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir frjálssar íþróttir sem nýtist einnig öðrum deildum og starfsemi félagsins
- Uppbygging innviða á frjálsíþróttavelli myndu nýtast fyrir ört stækkandi hlaupahóp félagsins sem og þríþrautardeild sem og einnig sem miðstöð lýðheilsu þar almenningur gæti nýtt utan æfingatíma.
- Þörf er á vallarbyggingu sem væri um 20-25 þúsund m² í snertifleti á 2-3 hæðum kringum knattspyrnuvöllinn sem nýtist félaginu í heild sinni.
- Þörf er á að koma fyrir fjölnota sölum í vallarbyggingu sem myndi nýtast flest öllum deildum, sérstaklega karate, taekwondo og skák.
- Ný styrktaraðstaða þar sem núverandi styrktarþjálfunar aðstaða er mjög bágborin og ný aðstaða myndi nýtast öllum deildum og sameina félagsmenn í því rými.
- Mögulega gæti ný styrktaraðstaða verið í vallarbyggingu og myndi nýtast fyrir hjólríðar, Karate, Skák, Skíði, Taekwondo, þríþraut.
- Fjölnotarým í vallarbyggingu geta nýst fyrir sjúkráþjálfun, lækni, og aðra heilsutengda starfsemi og lýðheilsu verkefni.
- Aðstaða í vallarbyggingu getur nýst fyrir lýðheilsu verkefni og sérstök átök í lýðheilsu



MANNVIRKI OG INNVIÐIR

- Þörf er fyrir fleiri heilsársvelli fyrir knattspyrnadeild, t.d. að breyta sumarvöllum í heilsársvelli á svæðinu.
- Knattspyrnuvöllur á svæðinu þarf að standast kröfur UEFA um leiki í evrópukeppninni (Miðað er við áhorfendafjölda og vera án frjálsíþróttavallar þar sem þessar tvær greinar fara ekki saman þegar gervigras er á aðalvöllum).
- Þörf er á að aðstöðu innanhúss fyrir frjálsíþróttadeild félagsins.
- Innanhúss aðstaða fyrir frjálsíþróttadeild félagsins þarf að vera með 200 m hringbraut og tilheyrandi innviðum.
- Þörf er á nýju íþróttahúsi fyrir körfuboltaeild félagsins sem myndi einnig nýtast ört stækkandi hópi nemenda grunnskóla sem nýta aðstöðuna
- Möguleikar eru að skoða aðstöðu fyrir Menntaskólann í Kópavogi og afrekssvið í samvinnu við ríkið og sveitarfélagið í íþróttahúsbyggingu.
- Þörf er á að skoða aukna möguleika í samnýtingu mannvirkja s.s. starfsemi í vallarbyggingu, samnýtingu íþróttamannvirkja og leikskóla, íþróttamannvirkja og dægradvalar.
- Þörf er á að skoða möguleika á að afmarka svæðið skýrar og skapa grundvöll fyrir uppbyggingu "Grænvangs/Grængarður" með áherslu á íþróttir, lýðheilsu, geðheilbrigði og lækniþjónustu (sjúkráþjálfun og almenna lækniþjónustu)



Samgöngur

- Þörf er á að breyta núverandi umferðarskipulag svæðisins til að bæta umferðaröryggi og samgöngur á svæðinu.
- Þörf er á að nýta landsvæði milli íþróttahúsanna og umhverfis mannvirkin fyrir íþróttaiðkun samhliða nýjum lausnum í umferðarmálum fyrir svæðið.
- Þörf væri á að skoða breytta aðkomu að svæðinu frá suðri ásamt möguleikum á samnýtingu samgöngumannvirkis fyrir skólasvæði t.d. sleppisvæði.



Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040

ÍB-4 Kópavogsdalur (adalskipulag-kopavogs-2019-2040-greinargerd-umhverfisskýrsla-vidaukar.pdf (kopavogur.is) bls 146

- Kópavogsvöllur er í Kópavogsdal ásamt íþróttasvæði Breiðabliks.
- Þar eru íþróttahúsið Smárin, fjórir æfingavellir fyrir knattspyrnu og kastvellir. Í dalnum er einn fjölnotahúsið Fífan, tennishöll og tennisvelli, ásamt Smárahvammsvelli.
- Afmörkun svæðis breytist austast, norðan við Dalsmára, svæðið er stækkað um rúman ha til norðurs (austan við Dalsmára 9-13 /Tennishöll. Á móti kemur að svæðið er minnkað lítillega við Dalsmára vegna þess að svæði fyrir samfélagsþjónustu er stækkað (lítillega) til vesturs (inn á íþróttasvæðið).
- Breiðablik er stærsta íþróttafélag á landinu með yfir 2.000 iðkendur í 11 deildum (innsk. 12 deildir í dag og rétt tæplega 4000 iðkendur á öllum aldri)
- Félagið var stofnað 12. febrúar 1950. Vöxtur félagsins hefur verið mikill sérstaklega á liðnum áratug en iðkenda fjöldi hefur nær fjórfaldast frá 2010.
- Allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram. Þar er tvennt sem vegur þungt, aukin íþróttaiðkun þá bæði ungra iðkenda en ekki síður eldri iðkenda sem og fjölgun íbúa á áhrifasvæði félagsins.
- Hjarta Breiðabliks og meginstarfsemi er í Smáranum og þrátt fyrir stefnu félagsins að sinna vel íbúum alls bæjarfélagsins, þá er nauðsynlegt að félagið hafi svigrum til að vaxa til framtíðar í Kópavogsdal og nágrenni. Fleiri iðkendur kalla á stærra og endurskoðað athafnasvæði.



Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2019-2040 -frh.

ÍB-4 Kópavogsdalur

- Aðalstjórn Breiðabliks telur mikilvægt að félagið geti áfram vaxið og dafnað.
- Breiðablik hefur gert þarfagreiningar innan deilda félagsins um þróun starfs og áætlanir til næstu framtíðar.
- Það er ljóst að þörf verður á að byggja út starfsemi félagsins bæði hvað varðar mannvirki og aðstöðu til íþróttaiðkunar og tengdrar starfsemi.
- Mikilvægt er að gera ráð fyrir svigrúmi félagsins til stækkunar. Gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag af svæðinu, ÍB-4, á grundvelli þarfagreiningar félagsins þegar hún liggur fyrir.
- Einnig eru uppi hugmyndir um íþrótt- og lýðheilsugarð á opna svæðinu, OP2.21, í Kópavogsdal.
- Sú starfsemi gæti hugsanlega tengst íþróttastarfi og menningarstarfsemi bæjarins. Skilgreina þarf umrædda starfsemi í deiliskipulagi.



ÚRDRÁTTUR ÚR AÐALSKIPULAGI KÓPAVOGS 2019-2040 - Yfirlitsmynd



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026